

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit,
með síðari breytingum.

1. gr.

Fimmtándi liður í 9. tölulið í fylgiskjali 2 orðast svo:

9.15. Rekstur aðstöðu í atvinnuskyni, þ.m.t. útleiga rýmis, fyrir
hávaðasama starfsemi sem veldur truflun eða óþægindum. 4-5

2. gr.

Nýr liður bætist við 9. tölulið í fylgiskjali 2 og orðast svo:

9.16. Önnur sambærileg starfsemi. 1-5

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnun, 17. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

17. janúar 2001

Nr. 50

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 302/1996 um innkaup ríkisins.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Öllum stofnunum og fyrirtækjum sem ríkið á 50% eða stærri eignarhlut í eða leggur meira en 50% til framkvæmda eða reksturs er skylt að fylgja þessari reglugerð, enda reki þau ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Sama á við um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. janúar 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Ólason.